

Priðjudaginn 11. júní 1940.

Nr. 15/1939. Vinnuveitendafélag Íslands f. h. Einars Stefánssonar

gegn

Sveinafélagi múrara.

Aðiljar deila um það, hvort stofnast hafi vinnusamningur þeirra í milli. Múrarameistari ekki talinn hafa skuldbundið sig til þess að vinna ekki með sveinum sínum. Stéttarfélag dæmt til að greiða skaðabætur vegna afskipta þeirra, er það hafði af því, er meðlimir þess lögðu niður vinnu.

Dómur.

Mál þetta er höfðað hér fyrir dómi með stefnu, dags. 15. september f. á., af Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Stefánssonar, múrarameistara hér í bæ, gegn Sveinafélagi múrara hér í bæ.

Málavextir eru þessir:

Hinn 30. júní ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 53.)

... Einar Stefánsson 18. júlí ... sveinafélaginu.

Í máli þessu gerir stefnandi eftirfarandi dómkröfur:

1.—3. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 54.)

Þá krefst hann málskostnaðar eftir mati dómsins.

Í stefnu gerði hann þá kröfu, að stefndi yrði dæmdur í sekt fyrir samningsrof, en við munnlegan flutning málsins féll hann frá þeirri kröfu með skírskotun til þess, að samskonar kröfu hefði verið hrundið með dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939.

Stefndi hefir krafizt sýknu og málskostnaðar.

Koma þá til athugunar kröfur stefnanda.

Um 1. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939 bls. 55.)

Um 2. (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939.)

Um 3. Skaðabótakröfu ... (Sjá dóm í málinu nr. 26/1939) ... með í ráðum þar um.

Koma þá til athugunar afskipti sveinanna og sveinafélagsins af stefnanda máls þessa.

Þegar hann gerði samninginn við sveinafélagið, hafði hann umsjón og eftirlit með allri steypu- og múrvinnu við 2 hús hér í bænum samkvæmt samningum, dags. 4. maí og 28. júní f. á. Skyldi hann og vinna við húsin eftir því sem

honum entist tími til. Eftir að hann gerði framangreindan samning við sveinafélagið, kveður hann, að sveinarnir hafi neitað að vinna hjá sér, ef hann ynni, og hafa 2 sveinar, er hjá honum unnu, vottað, að þeir hafi gefið honum skriflega yfirlýsingu þess efnis, en sá þriðji kveðst hafa lýst því yfir munnlega. Telur stefnandi, að þeir hafi sett sér greint skilyrði að fyrirlagi stefnda, en þessu hafa sveinarnir neitað og sömuleiðis hefir stefndur neitað því. Þegar litið er á framkomu stjórnar sveinafélagsins gagnvart öðrum múrarameisturum um þessar mundir, sem gert höfðu samning við félagið, kemur í ljós, samkvæmt því, sem upplýst er í máli þessu, að hún hefir beinlínis stöðvað vinnu hjá Þorkeli Ingibergssyni vegna þess að hann vann sjálfur, svo sem nánar er lýst í málinu nr. 26/1939. Upplýst má telja, að hún hefir nokkru síðar, eða a. m. k. formaður hennar, tjáð 3 sveinum, að þeim væri ekki gerlegt að vinna hjá Haraldi Sigurðssyni, múrarameistara, vegna þess að hann væri í „sveinabanni“, og í samtali, er Haraldur átti þá við hann, sagði formaðurinn, að það væri stríð milli sveinafélagsins og múrarameistaranna, og yrði það að bitna á Haraldi sem öðrum múrarameisturum, og hefir ekki verið upplýst, að annað lægi þar til grundvallar en það, að hann hefði unnið sjálfur. Að því er snertir framkomu sveinafélagsins og forráðamanna þess, eftir að skorið var úr um rétt meistaranna til að vinna sjálfir, með dómi þessa réttar, 13. október f. á., og sem nánar er lýst í dómi þessa réttar í málinu nr. 26/1939 (mál Þorkels Ingibergssonar), verður hún ekki skilin á annan veg, en sem beint áframhald af hálfu stefnda í viðleitni þess, að knýja meistarana til þess að vinna ekki. Loks má geta þess, að í febrúar þ. á. gerir þáverandi formaður sveinafélagsins tilraun til þess að fá sveinana til þess að leggja niður vinnu hjá einum múrarameistara, sem vann sjálfur, og er 2 af sveinum neita því, er þeim gert að greiða sekt til sveinafélagsins fyrir þá afstöðu sína. Að framangreindu athuguðu og því, að stjórn sveinafélagsins virðist ekki á neinn hátt hafa vakið athygli meðlima sinna á því, að framangreind samþykkt væri ósamrímaleg samningi félagsins við stefnanda, ef henni væri beitt þannig, að hún takmarkaði rétt hans sjálfs til vinnu, né heldur tilkynnt meðlimum félagsins innihald hans, verður ekki hjá því komizt að líta svo á, að það hafi verið með vilja og

fullu samþykki sveinafélagsstjórnarinnar, að sveinarnir settu greint skilyrði fyrir vinnu sinni hjá honum. Og með því að slíkur stuðningur af hálfu sveinafélagsins var óréttmætur, verður að leggja á það ábyrgð af tjóni, er stefnandi kann að hafa beðið sökum þess, að honum var þannig bægt frá vinnu.

Vegna framangreindra aðgerða sveinanna og sveinafélagsins, kveðst stefnandi hafa neyðzt til þess að hætta vinnu sjálfur og þannig orðið af vinnulaunum, sem hann ella hefði fengið. Telur hann sig hafa misst af 29 vinnudögum, frá 18. júlí til 21. ágúst f. á., en við það tímabil miðar hann bótakröfu sína, og nemur skaðabótakrafa hans, miðað við 25 kr. dagkaup, kr. 725.00. Þar frá beri að draga kr. 145.00, sem hann hafi fengið fyrir vinnu á nefndu tímabili, og verður þá krafa hans í málinu kr. 580.00. Með því að stefnandi hefir fært fram nægilegar líkur fyrir því, að hann hafi misst af vinnu og þannig orðið fyrir fjártjóni vegna framangreindra aðgerða stefnda, þykir rétt að dæma honum bætur úr hendi stefnda, er þykja hæfilega ákveðnar kr. 300.00.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda til að greiða kr. 100.00 í málskostnað.

Því dæmist rétt vera:

1. Framangreindur samningur milli aðilja máls þessa, dags. 18. júlí 1939, fullnægir skilyrðum 6. gr. laga nr. 80/1938, um vinnusamninga, og gilda um hann ákvæði nefndrar greinar.
2. Stefndanda, Einari Stefánssyni, er heimilt að vinna sjálfum við verk þau, er falla undir 1. lið framan- greinds samnings.

Stefndi, Sveinafélag múrara, greiði stefndanda, Vinnuveitendafélagi Íslands f. h. Einars Stefánssonar, kr. 300.00 og 100 krónur í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.